



SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

Ársskýrsla 2017

Inngangur

Markmið Sjúkraflutningaskólans er að mennta einstaklinga til starfa við sjúkraflutninga og umsjón með framhalds- og símenntun fyrir sjúkraflutningamenn og aðra sem tengjast sjúkraflutningum og þjónustu utan sjúkrahúsa. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi sem jafnframt gegnir stöðu skólastjóra. Auk hans starfa við skólann fjöldi leiðbeinenda sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og ber framkvæmdastjórn SAK ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagráð Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAK, Velferðarráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Á árinu 2017 voru haldin 64 námskeið (voru 30 árið 2016) og var heildarfjöldi þátttakenda 725 (voru 282 árið 2016). Ljóst er að umfang skólans hefur vaxið mikið milli ára.



Hluti útskriftarnema 2017 ásamt fomannti Fagráðs skólans og skólastjóra.

Fyrirkomulag skólastarfs

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun á heildarnámi sjúkraflutningamanna og árið 2017 var Kjarnnámskeið í sjúkraflutningum, EMT, (áður EMT-Basic) kennt í annað sinn eftir endurskoðun. Á árinu var byrjað að kenna nýtt framhaldsnám í sjúkraflutningum, svokallað Lotunám EMT-Advanced, (áður EMT-I). Til stendur að grunnám sjúkraflutninga verði samansett af bæði Kjarnahluta og Lotunámi og er unnið að því í Fagráði sjúkraflutninga að koma því á. Samtals voru 17 námskeið í lotum 1-3 í framhaldsnáminu á árinu en unnið var að lotu 4 sem keyrð verður á árinu 2018. Bæði kjarnahluti og framhaldshluti grunnnáms byggjast á viðmiðum úr kennsluskrá sjúkraflutningamanna í Bandaríkjum NA, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration. Önnur námskeið voru með hefðbundnu sniði.

Útskrift Sjúkraflutningaskólans var haldin á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 2. júní. Útskrifaðir voru 131 nemendur, þar af 70 af nýja kjarnahluta grunnnáms (EMT) og 61 Vettvangsliðar sem luku 40 klst. námi í Vettvangshjálpi (EMR). Eins og áður segir hófst nýtt framhaldsnám (EMT-A) á árinu en áætlað er að fyrstu nemarnir í úr því námi útskrifist vorið 2018.

Arnfríður Kjartansdóttir flutti söngatriði á undan útskrift og ávörp fluttu Ingimar Eydal Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, Sigurður E. Sigurðsson formaður Fagráðs Sjúkraflutningaskólans, og Rut Sigurjónsdóttir útskriftarnemi.



Hópur íslenskra sjúkraflutningamanna á ráðstefnunni EMS 2017 í Kaupmannahöfn.

Starfsfólk og nefndir skólans

Skólastjóri

Ingimar Eydal

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri ber ábyrgð á rekstri Sjúkraflutningaskólans.

Sjúkraflutningaskólinn fellur undir deild mennta, vísinda og gæða en hún tilheyrir bráðafræðslu og gæðasviði.

Framkvæmdastjóri sviðsins er Hildigunnur Svavarsdóttir.

Verkefnisstjóri: Valur Halldórsson starfaði sem verkefnisstjóri nýs framhaldsnáms í sjúkraflutningum (EMT-Advanced) sem verktaki í hlutastarfi.

Umsjónarmaður búnaðar: Jón G. Knutsen starfaði í hlutastarfi sem umsjónarmaður búnaðar skólans.

Fagráð Sjúkraflutningaskólans

Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga SAK, formaður ráðsins

Anton Berg Carrasco Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Viðar Magnússon yfirlæknir bráðabjónustu utan sjúkrahúsa, LSH.

Brynjar Friðriksson deildarstjóri sjúkraflutninga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun og fulltrúi Háskólans á Akureyri

Kristján Sigfússon fagráði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Hjörtur Kristjánsson umsjónarlæknir sjúkraflutninga Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Vinnuhópur um nýtt framhaldsnám (EMT-Advanced) í sjúkraflutningum:

Anton Berg Carrasco fagráði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna SA

Valur Freyr Halldórsson verkefnisstjóri

Styrmir Sigurðarson yfirmaður sjúkraflutninga HSU

Eyþór Rúnar Þórarinsson þjálfunarstjóri BS

Kristján Sigfússon bráðatæknir SHS

Fagráð Sjúkraflutninga


Fagráðið er skipað samkvæmt reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 til fjögurra ára í senn. Hlutverk þess er að vera ráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni er varða sjúkraflutninga á, við og yfir Íslandi og skylda starfsemi.

Ingimar Eydal skólastjóri situr í ráðinu fyrir hönd Sjúkraflutningaskólans sem menntastofnunar sjúkraflutninga


Námskeið

Eins og fram hefur komið voru haldin 64 (30) námskeið á árinu 2017 og voru þátttakendur samtals 725 (282). Á árinu 2017 voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 1 og 2).

Myndrit 1 Tegundir og fjöldi námskeiða



Myndrit 2 Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans



Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT) er 260 klst námskeið sem veitir þeim sem því ljúka starfsréttindi og löggildingu sem sjúkraflutningamenn en verið er að vinna að því að bæta framhaldsnámskeiði (EMT-Advanced) við sem hluta af grunnnámi. Endurskoðun grunnnámshluta hefur staðið yfir í rúmlega þrjú ár og var grunnnámið lengt um helming úr 128 tímum í 260. Jafnframt er stefnt að því að framhaldshluti námsins (áður EMT-I, nú EMT-A) verði hluti grunnnáms eins og áður segir. Á árinu 2017 voru haldin sex kjarnanámskeið EMT bæði í streymisnámi og staðarnámi. Streymisnámskeið voru fjögur með samtals 42 nemendum þar sem bókleg kennsla fór fram í gegnum Moodle fjarkennslu samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri en verklegar lotur voru á Akureyri (7 nem.), Reyðarfirði (11 nem.), Sandgerði (11 nem.) og Selfossi (13 nem.). Nemendur komu frá tuttugu og einum stað á landinu. Einnig voru haldin tvö staðarnámskeið í Reykjavík, það fyrra með 11 nemendum en það seinna með 17 nemendum. Notast er við nýtt námsefni frá Bandaríkjunum en þar hefur skipulagi og heiti námsefnis einnig verið breytt frá því sem áður var. Notuð er bókin Emergency Care, 13. útgáfa frá útgáfufyrirtækiu Pearson en frá þeim fékk skólinn einnig önnur kennslugögn s.s. glærur og próf. Lokið var við að þýða nánast allar glærur efnissins um 2700 stk. en enn er unnið að því að fullþýða annað efni.

Framhaldshluti grunnnáms, EMT-Advanced. Fyrstu námskeiðin í þessum hluta námsins hófust á árinu 2017. Í kjölfar breytinga á skipulagi og heiti námsins í Bandaríkjunum hefur I-99 staðall sem notast var við í EMT-I náminu nú verið breytt og miðað er við EMT-Advanced sem er nýr staðall og heiti á framhaldsnáminu. Ákveðið var að Lotuskipta náminu þannig að nemendur tækju námið í nokkrum áföngum og gætu ráðið hraðanum, þó þannig að námið taki þó ekki lengri tíma en þrjú ár. Lagt var upp með að hafa námið í fjórum lotum og voru fyrstu þrjár loturnar kenndar á árinu, samtals voru **sautján** námskeið í lotunáminu. Í lotu 1 (Líffæra og lífeðlisfræði, öndun og lyfjafræði) voru kennd sex námskeið með 73 nemendum, tvö í Reykjavík, eitt á Selfossi, Sandgerði, Akureyri og Reyðarfirði. Í lotu 2 (áverkar) voru kennd sex námskeið með samtals 56 nemendum, þrjú í Reykjavík og eitt á Akureyri, Selfossi og Reyðarfirði. Í lotu 3 voru síðan fimm námskeið með 51 nemanda, tvö í Reykjavík og eitt á Selfossi, Akureyri og Reyðarfirði. Undirbúningur fyrir lotu 4 var langt komin á árinu og stefnt að því að byrja á þeirri lotu 2018.

Endurmenntunarnámskeið fyrir sjúkraflutningamenn, vettvangsliða og aðra viðbragðsaðila voru **þrjátíu og fjögur** og tók hvert námskeið 8-20 klukkustundir. Þar af voru sextán námskeið í ILS (Sérhæfð endurlífgun 1), þrjú námskeið voru í ALS (Sérhæfð endurlífgun 2), fimm námskeið voru í EPILS (Sérhæfð endurlífgun barna 1) og sjö námskeið í Vettvangsmeðferð (endurmenntun vettvangsliða) en einnig var eitt námskeið í notkun beinmergsborvéla. Endurmenntunarnámskeið voru haldin á eftirtöldum stöðum; Akureyri, Blönduósi, Fjallabyggð, Dalvík, Húsavík, Sauðárkróki, Selfossi, Keflavíkurlflugvelli, Akranesi og Reyðarfirði. Þátttakendur voru samtals 404.

Vettvangshjálparnámskeið voru **sjö** en um er að ræða **40 klst.** námskeið sem er ætlað viðbragðsaðilum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s. lögreglu, slökkvilið eða björgunarsveitir eða aðra þá em þurfa að hafa viðbótarmenntun við almenna skyndihjálpar s.s. þar sem langt er í aðrar bjargar.



Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum og inniheldur bæði bóklegt og verklegt nám. Eitt námskeið var haldið fyrir Sérsvait Ríkislögreglustjóra, tvö námskeið var fyrir starfsmenn Isavia á Keflavíkurflugvelli sem sinna björgunar- og slökkviliþjónustu, eitt námskeið fyrir Securitas í Reykjavík, eitt námskeið fyrir Hjálparsveit skáta í Aðaldal og eitt námskeið fyrir Slökkvilið Þingeyjarsveitar. Samtals voru nemendur 71.

Fyrirliggjandi er endurskoðun á námi Vettvangsliða í samræmi við endurskoðun á námi sjúkraflutningamanna.

Fjöldi kennslustunda í skólanum:

Stundafjöldi			
	Fjöldi nemenda	Tímar	Samtals
EMT	70	261	18270
FR	71	40	2840
EMT A	180	80	14400
ALS	21	20	420
Önnur endurm.	383	8	3064
Samtals kennslustundir 2017			<u>38994</u>

Önnur verkefni

Ráðstefnur og heimsóknir.

Skólastjóri tók þátt í ráðstefnunni EMS 2017 í maí í Kaupmannahöfn.

Samstarf.

Sjúkraflutningaskólinn átti farsælt samstarf við marga aðila á árinu. Þakkir eru færðar rekstraraðilum sjúkraflutninga fyrir gott samstarf, en sérstaklega viljum við þakka Slökkviliði höfuðborgarsvæðissins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Brunavörnum Suðurnesja, Slökkviliði Akureyrar, Landsspítala Háskólasjúkrahús, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Neyðarlínunni fyrir veitta aðstoð við starfsþjálfun og aðra aðstoð við framkvæmd námskeiða. Ennfremur fær Verkmenntaskólinn á Akureyri og Adam Óskarsson miklar þakkir fyrir aðgang að Moodle kennslukerfi VMA og aðstoð við umsjón kerfissins en VMA veitir Sjúkraflutningaskólanum aðgang að kerfinu okkur að kostnaðarlausu. Umsjónarmenn námskeiða eru burðarásar í náminu og fá þeir sérstakar þakkir fyrir frábær störf!

Lokaorð

Á grundvelli tillögu nefndar um sjúkraflutninga á Íslandi frá janúar 2008 og skýrslu Boston Consulting Group frá því í júní 2012, þar sem segir að bæta skuli grunnmenntun sjúkraflutningamanna á Íslandi og færa hana á neyðarflutningastig eða hærra, hefur verið unnið að endurskoðun grunnnáms í sjúkraflutningum á Íslandi undanfarin ár. Nú er kominn tveggja ára reynsla á grunnhluta námsins og eftir mikla undirbúningsvinnu er framhaldshluti námsins (EMT-A) kominn á gott skrið.

Óhætt er að fullyrða að með þessum breytingum hefur starfsemi skólans tekið miklum breytingum. Ekki hefur námið bara lengst og starfsþjálfun stóraukist, heldur hefur einnig ásókn í námið aukist mikið og er svo komið að huga þarf að skipulagsbreytingum á stjórnun skólans þar sem utanumhald um allt námið, bæði faglegt og skipulag, getur ekki verið á herðum eins starfsmanns. Heimild fékkst til að ráða verkefnisstjóra í hlutastarf á síðasta ári og ef vel á að vera þarf slíkur verkefnisstjóri að vera yfir öllum námsstigum skólans auk endurmenntunarmála.

Endurmenntun sjúkraflutningamanna þarf að gefa betri gaum. Sumir rekstraraðilar eru að sinna endurmenntun mjög vel og senda einnig hjúkrunarfræðinga í auknum mæli á endurmenntunarnámskeið skólans. Hins vegar er það áhyggjuefni að misjafnt er hvernig endurmenntun er sinnt. Ekki er þar með sagt að endurmenntun sé engin á þeim svæðum en hún er amk. ekki samræmd við aðra landshluta og ekki vottuð af skólanum. Vonandi verður þarna bragarbót á svo allir sjúkraflutningamenn sitji við sama borð varðandi endurmenntun.

Skólastjóri vill þakka öllum samstarfsaðilum gott og farsælt samstarf á árinu 2017.

Ingimar Eydal
Skólastjóri